

Nd.

18. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

- I. Tölul. C. 9. í 2. gr. laganna skal orða svo:
Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.
- II. Á eftir C. 9. í sömu lagagr. komi nýr liður:
Þverárfjallsvegur: Frá Sauðárkróki um Skagaheiði, Laxárdal ytri og Þverárfjall að Skagastrandarvegi.
- III. Á eftir C. 10. í sömu lagagr. komi nýr liður:
Hólavegur: Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.

Greinargerð.

Á síðasta þingi og þingum hafa verið fluttar tillögur, sem heita mega samhljóða þeim, er felast í frumvarpi þessu, enda eru þær fram komnar af fullkominni nauðsyn, og skal nú farið um þær nokkrum orðum.

Frá Sauðárkróki eru um 65 km til fremstu bæja í Skagafirði, vestan Héraðsvatna. Á þessu svæði eru fjölbyggðar sveitir með þri—fjórsettri bæjaröð og mikilli flutningaþörf. Sauðárkróksvegur liggur um héraðið, en aðeins yzti hlutinn, frá Sauðárkróki að Varmahlíð, er ríkisvegur, enda þótt vegurinn suður þaðan megi kallast alfaraleið. Hér er gert ráð fyrir, að ríkið taki að sér veginn allt til Goðdala, og má telja fulla nauðsyn á því.

Undanfarin ár hefir verið unnið að því að gera bilfæran veg milli Sauðárkróks og Blönduóss um Þverárfjall og Laxárdal ytri. Vegur þessi er allmikil samgöngubót fyrir sveitir þær, sem liggja utan Skagaheiðar í Skagafjarðarsýslu, en jafnframt er gert ráð fyrir því, að samgöngur milli héraða leggist á þessa leið. Nú er mestur hluti leiðarinnar talinn til fjallvega, en það virðist eigi sanngjarnt, og er frumvarpinu ætlað að skipa því til betri leiðar.

Unnið hefir verið undanfarin ár að vegargerð yfir Viðvikursveit, frá Héraðsvatnabru eystri að Hjaltadalsárbrú hjá Langhúsum. Þetta er þjóðvegur. Þaðan eru um 12 km að Hólum í Hjaltadal. Er það aðeins ruddur sumarvegur, sem verður ófær bílum strax í fyrstu snjóum. Bændaskólinn á Hvanneyri og héraðsskólarnir flestir hafa fengið þjóðvegi. Virðist því hin mesta sanngirni mæla með því, að þjóðvegur fáiist að Hólum. Mælir það mjög með því, að Hólar eru mikið sóttir af ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum, og þess vegna hin mesta nauðsyn að koma Hólum í betra vegarsamband en orðið er.